

Skólaráðsfundur 23. jan. 2013 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:00 á bókasafninu.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir fulltrúa starfsmanna, Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara, Ari Páll Karlsson formaður nemendaráðs, Móey Pála Rúnarsdóttir fulltrúi nemanda, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra og Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara.

Dagskrá fundar:

Gögn: drög að skóladagatali

- **Skóladagatal 2013 – 2014**

Fyrstu drög að skóladagatali kynnt. Byrjar með endurmenntun 13. ág og lýkur 6. júní. Engar athugasemdir gerðar.

- **Foreldravika – þemavika**

Þemadagar 5.-7. mars og opið hús fyrir foreldra 8. mars. Þar sem afrakstur daganna verður sýndur. Hugmyndir af foreldraviku í apríl þ.e. páska. Reyna að hvetja foreldra á elsta sérstaklega til að koma.

- **Eineltiskönnun – tengslakönnun**

Könnun tekin 30. janúar, allir í 5. – 10. bekkir taka rafrænt, minni og myndrænni könnun í 3.-4. bekk og bara myndræn könnun í 1. – 2. bekk.

Tengslakönnun er árlega tekin fyrir í 5. bekk og var kynnt í eineltisteyminu í gær. Í kjölfarið eru niðurstöður kynntar umsjónarkennurum og þeim for. sem eiga nemendur sem eru nefndir sem gerendur.

- **Upplýsingar frá nemendaráði**

2 mán. í árshátíð 20 mars, búið að stofna facebook hóp innan skólans á elsta stigi, margir í leiklistavali sem verður með sýningu á árshátíðinni, verið að kaupa sófa fyrir setustofuna og svo á að vera með spil frammi til að hafa það kósý, söfnun hjá 10. bekk gengur vel en þau eru að fara í Skagafjörðinn í vor.

- **Skoðunarferð um skólann (sbr. reglugerð um hlutverk skólaráðs “ fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda”).**

Gengið um skólann. Engar athugasemdir gerðar.

- **Önnur mál**

-Starfsáætlun 2013 og 2014 er í smíðum. Drög verða send skólaráði í tölvupósti og biður fólk að senda til baka athugasemdir.

-Beta sagði frá fyrirhugaðri árshátíð nemenda í 7.bekk sem foreldrar ætla að sjá um og halda 21.febrúar.

Fundi slitið: 16:10.